

Mál nr. 405/2015**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar eiganda verslunarmiðstöðvar.****Kona féll á hálfu á leið frá dyrum verslunarmiðstöðvar að bifreið á bifreiðastæði.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 30.10.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 30.11.2015.

Málsatvik.

Um kl. 15 hinn 3. febrúar 2015 var M ásamt eiginmanni sínum á leið frá verslunarmiðstöðinni A í bifreið sem var staðsett á bifreiðastæði við verslunarmiðstöðina. Rann hún þá á hálfu og féll í jörðina. Hlaut hún skurðsár á höfði og brot á vinstri fæti rétt ofan við gervilið í hné. Í málskoti segir að M hafi runnið á svelli á gönguleið við inngang A.

Í dagbók lögreglu segir að M hafi verið á leið frá aðalinngangi A ásamt eiginmanni sínum að bifreið þeirra sem var staðsett á bifreiðastæðinu og fallið í mikilli hálfu. Rætt hafi verið við húsvörð í A og hafi hann ætlað að sjá til þess að sandborið yrði þar sem þurfa þótti í kringum húsið.

Samkvæmt fyrirbyggjandi vottorði um veður á Akureyri var snjókoma kl. 9 um morguninn þegar slysið varð og jörð alþakin jafnföllnum snjó. Kl. 12 á hádegi var enn snjókoma en kl. 15 var úrkoma í grennd. Hitastig um daginn var um frostmark.

M kveður engin ummerki hafa verið um að svæðið fyrir framan A hafi verið sandborið. Veðurfur umræddan dag hafi verið með þeim hætti að ríkt tilefni hafi verið að fylgjast með hálkuvörnum enda um að ræða fjölfarinn stað. Megi rekja slysið til vanbúnaðar eða vanrækslu af hálfu A. Hefur M krafist bóta vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu eiganda A hjá V.

V kveður slysið hafa orðið á bifreiðastæðinu. Í öryggismyndavél sjáist að það hafi gerst „ca. 6 bílastæðum frá inngangi á miðju plani. Ekki rétt við innganginn í verslunarmiðstöðina.“ Bræðslukerfi hafi verið bæði á bifreiðastæðinu og í gangstéttum við verslunarmiðstöðina. Hefur V hafnað bótaskyldu

Álit.

Engin gögn úr öryggismyndavél liggja fyrir í málinu. Þrátt fyrir það verður ekki talið nægilega sannað að slysið hafi orðið á gangstétt eða gangstíg fyrir framan inngang A. Við það verður að miða að slysið hafi orðið er M var komin út á sjálft bifreiðastæðið á leið í bifreið sína og eiginmanns hennar. Eins og veðurfarsaðstæðum hafði verið háttáð yfir daginn samkvæmt því sem greinir í vottorði um veður verður ekki talið að unnt sé að leggja þær skyldur á eiganda A að koma alfarið í veg fyrir að hálka myndist á þeim stað þar sem slysið varð. M mátti vita að hún var að fara um svæði þar sem snjór lá yfir og hált gat verið undir. Eins og hér stóð á eru ekki næg efni til að fella ábyrgð á eiganda A vegna þess líkamstjóns sem M varð fyrir umrætt sinn. Hún á því ekki rétt á bótum úr téðri ábyrgðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu eiganda A hjá V.

Reykjavík, 18. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.